



Upplýsingar
til fjölmiðla
frá skrifstofu forseta Íslands

**ATBURÐIR UM ÁRAMÓT
ALDARAFMÆLI SKÁTA. NÝSTÁRLEG KVEÐJA
RÍKISRÁÐSFUNDUR – ORÐUVEITING – NÝÁRSMÓTAKA**

1. Að morgni gamlárshags kl. 09:00, hálf tíma fyrir ríkisráðsfund, munu skátar afhenda forseta kveðju skátahöfðingja og taka við kveðju frá forseta í tilefni af aldarafmæli skátahreyfingarinnar á Íslandi 2012. Athöfnin er endurtekning á sams konar viðburði sem var á Bessastöðum í tíð Ásgeirs Ásgeirssonar forseta þegar skátahreyfingin varð 50 ára. Kveðjan verður fyrir um morguninn send frá Grímsstaðavör yfir Skerjafjörð og tekið verður á móti henni í fjörunni á Álftanesi. Þaðan munu skátar halda með hana fótgangandi til Bessastaða.
Sjá nánar í fréttatilkynningu frá skátahöfðingja.
2. Ríkisráðsfundur verður á Bessastöðum á gamlárshag kl. 09:30 og eru heimilaðar myndatökur í upphafi ríkisráðsfundar.
3. Orðuveiting verður á Bessastöðum á nýársdag og hefst hún kl. 14:20. Myndataka af orðuhöfum verður heimiluð í lok athafnar, um það bil 14:40 – 14:50.
4. Nýársmóttaka forseta fyrir ráðherra, hæstaréttardómara, alþingismenn, sendiherra, ræðismenn, forystumenn ríkisstofnana og embættismenn, forystumenn félagasamtaka, stéttarsamtaka og atvinnulífs og aðra gesti hefst síðan kl. 15:00 á nýársdag og varir til um kl. 17:30. Myndatökur verða heimilaðar í henni í samráði við forsetaritarar.

Athygli skal vakin á því að um hátíðlega atburði er að ræða, sérstaklega á nýársdag, og vinsamlega er farið fram á að ljósmyndarar og fréttamenn taki tillit til þess í klæðaburði.

30. desember 2011